

## Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð EB 1907/2006 Gr.31.

### 1. Heiti vöru - notkun - innflytjandi/framleiðandi

Vöruheiti:	<b>Sýruhreinsir HD EPISAN</b>	
Vörunúmer:	<b>155067</b>	200 L
	<b>157202</b>	20 L
	<b>157203</b>	5 L


Notkunarvið: Hreinsiefni

Framleiðandi: **Senia ehf**  
**Skútuvogur 1E**  
**104 Reykjavík**

Sími: [595 4000](tel:5954000)  
Netfang: [senia@senia.is](mailto:senia@senia.is)  
Veffang: [www.senia.is](http://www.senia.is)

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222.  
Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

### 2. Hættugreining

Varnaðarmerki: Xi   
ERTANDI  
Ertandi

Hættusetningar: H36/37/38 Ertir augu, öndunarfæri og húð  
H41 Hætta á alvarlegum augnskaða

#### Upplýsingar um hættu gagnvart fólki og umhverfi:

Varan getur valdið ertingu og bruna í augum, á húð og í öndunar- og meltingarvegi.  
Losun í miklu magni í getur haft áhrif á sýrustig og þar með á lífríki í vatni.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

### 3. Samsetning - upplýsingar um innihaldsefni

Lýsing vörunnar: Blanda neðangreindra efna ásamt hættulausum aukaefnum.

Efni:	EB-Nr.	CAS-Nr.	%	Flokkun
Fosfórsýra	231-633-2	7732-18-5	10-25%	Xi; H36/38
Sítrónusýra	201-069-1	7664-38-2	1-5%	Xi; H36/37/38, H41
Ísóprópanól	200-661-7	67-63-0	5-10%	F, Xi; H11,H36,H67
Etoxyleruð alkóhól (C <sub>9</sub> -C <sub>11</sub> )	-	68439-46-3	5-10%	Xi, Xn; H22, H41

Athugasemdir: Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.  
Sjá flokkun efnisins í 2. og 15. lið, og H- og V- setningar í 15. lið.

## 4. Skyndihjálp

<b>Almennt:</b>	Öryggisblað skal ávallt vera tiltækt á vinnustað. Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf. Tryggið ferskt loft. Veitið öndunaraðstoð, andi sá slasaði óreglulega eða alls ekki. Ef grunur um heilsutjón vaknar skal strax leita læknis. Sé sá slasaði meðvitundarlaus, leggið hann í læsta hlíðarlegu og leitið strax læknis. Sýnið öryggisblaðið. Athugið að hættulegt getur verið að nota blástursaðferð ef efnið er eitrad, hættulegt við inntöku eða ætandi. Losið um fatnað sem þrengir að líkama hins slasaða. Gætið þess að ekki þrengi að öndunarvegi.
<b>Inntaka:</b>	Gefið hinum slasaða vatn að drekka. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk. Framkallið <b>ekki</b> uppköst. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.
<b>Innöndun:</b>	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Tryggið ferskt loft. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.
<b>Snerting við húð:</b>	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.
<b>Snerting við augu:</b>	Skolið strax varlega með miklu vatni í amk 15 mín. og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolon. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.

## 5. Bruni - slökkviaðgerðir

<b>Almenn viðbrögð:</b>	Fjarlægið umbúðir af eldstað ef mögulegt er, kælið annars með vatnsúða. Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.
<b>Sérstök hætta:</b>	Forðist innöndun reyks eða gufu.
<b>Slökkvibúnaður:</b>	Vatnsúði, slökkviduft, froða eða koldíoxíð.
<b>Sérstakur hlífðarbúnaður:</b>	Notið viðeigandi hlífðarbúnað við slökkvistörf, m.a. sjálfstæðan öndunarbúnað.

## 6. Efnaleki

<b>Öryggisráðstafanir:</b>	Notið viðeigandi persónuhlífar, sbr. 8.lið. Tryggið góða loftræstingu. Haldið fólki fjarri. Stöðvið lekann, sé það unnt án áhættu. Forðist snertingu við efnið og innöndun gufu/úða.
<b>Ráðstafanir v. umhverfis:</b>	Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Gerið Umhverfisstofnun strax viðvart (sími 5912000) verði slíkt óhapp.
<b>Hreinsunaraðferðir:</b>	Notið óbrennanleg ísogsefni svo sem jarðveg, sand eða sambærileg efni. Komið í veg fyrir rykmyndun. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið. Skolið mengað svæði vandlega með vatni að hreinsun lokinni.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

<b>Meðhöndlun:</b>	Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun varasamra efna. Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu eða úða. Forðist snertingu við húð og augu. Neytið ekki fæðu á stöðum þar sem efnið er notað eða geymt. Notið viðeigandi persónuhlífar skv. grein 8.
<b>Geymsla:</b>	Geymið í upprunalegum umbúðum, vel luktum, við herbergishita á þurrum, vel loftræstum stað. Neytið einskis í námunda við efnið. Geymist þar sem börn ná ekki til. Æskilegt geymsluhitastig 5-25° C.

## 8. Takmörkun váhrifa - persónuhlífar

### Viðmiðunarmörk váhrifa:

Efni:	CAS númer	8 klst ppm	8 klst mg/m <sup>3</sup>	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m <sup>3</sup>
Fosfórsýra	7732-18-5		1		3
Ísóprópánól	67-63-0	400	999	500	1250

**Almennar ráðstafanir:** Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins innan mengunarmarka.

### Ráðstafanir vegna hreinlætis:

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði.

**Öndunarfæri:** Forðist innöndun gufu með góðri loftræstingu og vinnuvenjum. Notið viðeigandi öndunarbúnað af viðurkenndri gerð.

<b>Hendur:</b>	Við meðferð efnavara skal að jafnaði nota efnapölna, gegnstreymisvarða hanska úr nítírlgúmmíi eða NBR. Athugið uppgefinn gegnstreymistíma framleiðanda og fylgist með ástandi hanska.
<b>Augu:</b>	Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð, sé þörf á að forðast slettur, úða, eða ryk.
<b>Húð:</b>	Veljið hlífðarbúnað með tilliti til verkefnisins og gætið þess að hann hæfi aðstæðum.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

<b>Eðlisástand:</b>	Vökvi
<b>Litur:</b>	Litlaus
<b>Lykt:</b>	Væg
<b>Sýrustig (pH):</b>	1
<b>Suðumark:</b>	80-100°C
<b>Blossamark:</b>	38°C
<b>Sjálftendrun::</b>	Ekki er hættu á sjálftendrun.
<b>Vatnsleysni:</b>	Leysanlegt.
<b>Eðlismassi:</b>	1,15 g/cm <sup>3</sup>
<b>Seigja:</b>	<10 mPas

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

<b>Stöðugleiki:</b>	Stöðugt við venjulegar aðstæður.	
<b>Efni sem ber að varast:</b>	Basar, lífræn nítrosambönd, málmar, málmoxíð.	
<b>Hættuleg efnahvörf:</b>	Engin við venjulega notkun.	
<b>Hættuleg niðurbrotsefni:</b>	Fosfóroxíð	Oxides of: Phosphorus.

## 11. Eiturfræðilegar upplýsingar

<b>Innöndun:</b>	Varan getur valdið ertingu í öndunarfærum.
<b>Inntaka:</b>	Veldur ertingu í munni, koki og vélinda.
<b>Snerting við húð:</b>	Varan getur valdið ertingu
<b>Snerting við augu:</b>	Varan veldur mikilli ertingu ásamt hættu á alvarlegum augnskaða.

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar


<b>Almennt:</b>	Forðist að sleppa vörinni óþynntri eða í miklu magni í niðurföll, jarðvatn eða ár og læki. Slíkt getur haft áhrif á sýrustig með skaðlegum áhrifum á lífríki í vatni.
-----------------	---

## 13. Förgun


<b>Vara:</b>	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Tómar umbúðir geta innihaldið leifar efnisins. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku.
<b>Umbúðir:</b>	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálft.

## 14. Flutningar


### ADR

<b>UN Númer</b>	1805	
<b>Efnisheiti v. flutninga:</b>	PHOSPHORIC ACID SOLUTION	
<b>Hættuflokkur:</b>	8	
<b>Pökkunarflokkur:</b>	III	
<b>Hættumerking:</b>	80	

### IATA:

<b>UN Númer</b>	1805	
<b>Efnisheiti v. flutninga:</b>	PHOSPHORIC ACID SOLUTION	
<b>Hættuflokkur:</b>	8	
<b>Pökkunarflokkur:</b>	III	

### IMDG:

<b>UN Númer</b>	1805	
<b>Efnisheiti v. flutninga:</b>	PHOSPHORIC ACID SOLUTION	
<b>Hættuflokkur:</b>	8	
<b>Pökkunarflokkur:</b>	III	
<b>Sjávarmengandi:</b>	Nei	

---

## 15. Lög, reglugerðir og merkingar

---

Varnaðarmerkingar eru samkvæmt reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og upplýsingum frá framleiðanda. Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir. (REACH).

Flokkun efnisins skv. tilskipun EB 1907/2006.

<b>Varnaðarmerki:</b>	<b>Xi</b>	<b>Ertandi</b>
<b>Hættusetningar:</b>	H36/37/38 H41	Ertir augu, öndunarfæri og húð Hætta á alvarlegum augnskaða
<b>Varnaðarsetningar:</b>	V2 V24/25 V26 V37 V60	Geymist þar sem börn ná ekki til Varist snertingu við húð og augu Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis Notið viðeigandi hlífðarhanska Efni og umbúðum skal fargað sem spilliefnum

---

## 16. Aðrar upplýsingar

---

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

**Texti allra hættusetninga sem vikið er að í liðum 2. og 3. á þessu öryggisblaði:**

H11	Mjög eldfimt
H22	Hættulegt við inntöku
H36	Ertir augu
H36/38	Ertir augu og húð
H36/37/38	Ertir augu, öndunarfæri og húð
H41	Hætta á alvarlegum augnskaða
H67	Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima

**Hættuflokkun sem vikið er að í liðum 2. og 3. á þessu öryggisblaði:**

**Xi - Ertandi**

**Útgáfa:** 2  
**Dags:** 20.01.2015

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.